

Vegna: Máls nr. 0903/2023, Frístundabyggð við Eiða (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Setja þarf kvöð á lóðir, nyrst á skipulagssvæðinu, sem liggja að veginum í Stóra Haga (sumarhús BSRB), eða sem betra væri að minnka lóðirnar tvær vegna stofnlagnar hitaveitu út í Stóra Haga.

Hvatt er til þess að í hverfinu (á skipulagssvæðinu) verði helgunarsvæði lagna skilgreint. Lagnir í vegslóðum eru sjaldnast gott fyrirkomulag. Aðkoma til viðhalds og viðgerða þarf að vera með þeim hætti að ekki þurfi að loka umferð um svæðið til lengri tíma.

Hvatt er til þess að fráveita verði sameiginleg (ekki rotþró / hreinsivirki á hverri lóð). Það kallar á skilgreiningu / afmörkun svæðis fyrir fráveituhreinsun.

Eins og staðan er, er ekki tryggt að HEF veitur geti útvegað allt það vatn (hvorki heitt né kalt) sem einhverjum gæti dottið í hug að óska eftir. T.d. væru 50 heitir pottar ekki góð hugmynd eins og staðan er í dag. Óskað er samráðs við landeiganda um tímasetningu uppbyggingaráforma, svo skipuleggja megi aukin umsvif veitunnar á svæðinu.

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 20.12.2023 , **Fyrir hönd:** HEF veitur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 19. desember 2023
MI202311-0151/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Frístundabyggð við Eiða, Múlaþing - vinnslutillaga deiliskipulag

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu á nýju deiliskipulagi, *Frístundabyggð við Eiða* (mál nr. 903/2023). Hægt var að hlaða vinnslutillögunni niður en hún er dags. 13.10.2023.

Landeigandi Eiða áformar að gera deiliskipulag vegna frístundabyggðar og gönguleiðum vestan við Borgarfjarðarveg (94). Samhliða deiliskipulaginu er verið að gera breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Með deiliskipulaginu er verið að stuðla að samræmdu yfirbragði þannig að ekki verði ómarkviss uppbygging mannvirkja. Skilmálar taka mið af landslagi, náttúru og ásýnd. Vegtenging er til staðar að orlofsbyggð BSRB en ný vegtenging verður frá Fljótsbakkavegi. Veitur verða lagðar í lagnaskurð við götur innan svæðisins og gönguleiðum verður viðhaldið.

Í kafla 1.5.4 er fjallað um menningarminjar. Þar kemur fram að staðurinn hafi mikla og langa sögu og að fornleifaskráning sé í vinnslu á svæðinu.

Í kafla 4 er fjallað um umhverfisáhrif, þar á meðal er áhrif skipulagsins á menningarminjar. Þar segir að áhrif séu óveruleg.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að áður en deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram. Minjastofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu áforma um uppbyggingu á svæðinu með bréfi. dags 17. febrúar 2023. Þar vakti stofnunin athygli á því að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja lægi ekki fyrir innan svæðisins. Samkvæmt greinargerðinni er fornleifaskráning í vinnslu fyrir svæðið. Stofnunin hafði óskað eftir yfirliti yfir hús og mannvirki innan svæðisins, séu þau til staðar. Þær upplýsingar hafa ekki borist en þar þyrfti að koma fram: götuheiti og númer og/eða heiti húss ef það á við, byggingarár skv. Fasteignaskrá og hönnuðar sé hann þekktur. Á grundvelli slíks yfirlits gæti stofnunin metið hvort þörf væri á frekari skráningu húsa og mannvirkja.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Í umhverfismatinu eru áhrif skipulagsins metin óveruleg á minjar þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra. Minjastofnun Íslands vekur athygli á því að skráningu menningarminja innan svæðisins er ekki lokið og því erfitt að leggja mat á áhrif skipulagsins á þær.

Minjastofnun Íslands getur ekki tekið afstöðu til skipulagsins að svo stöddu þar sem skráningu menningarminja innan þess er ekki lokið. Skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Óheimilt er að spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað fornleifar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Taka þarf fullt tillit til fornleifa innan svæðisins og friðhelgunarsvæði þeirra við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og hús og mannvirki sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar í greinargerð/umhverfisskýrslu og hver áhrif skipulagsins kunna að vera á þær. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða fornleifanna, sem og punktar þar sem ekki sést til fornleifa. Einnig þarf að merkja hús og mannvirki sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar með ákveðnum lit á skipulagsuppdrætti, séu slík til staðar.

Deiliskipulagstillagan þarf að koma aftur til umsagnar hjá stofnuninni að undangenginni skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja. Í kjölfarið getur stofnunin tekið afstöðu til skipulagsins út frá menningarminjum.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands



Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Skriðdalur 19. desember 2023

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýtt deiliskipulag – Frístundabyggð við Eiða

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) hafa mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í landi Eiða (mál nr. 902/2023), sem og á nýju deiliskipulagi, Frístundabyggð við Eiða (mál nr. 903/2023).

Eiðar á sér langa sögu eða frá árinu 1000 og var í gegnum aldirnar auðs og valda staður. Það segir sig sjálft að á slíkum jörðum eru margar minjar um mannanna verk í landinu. Svo sem vörslugarðar og áveitugarðar og byggingar um búfjárhald og leiðakerfi um landið. Og ennfremur gjallhaugar vitni um járnvinnslu. Því þarf að stíga varlega til jarðar þegar áform eru um röskun á slíkum svæðum. Mikil breyting varð á gróðurfari á Eiðajörðinni laust fyrir 19. öldina þegar hinn forni Eiðaskógur féll, sem varð til þess að skógargirðing var gerð rétt fyrir 1940 til að endurheimta nýjan Eiðaskóg úr illa förnu landi. Í dag er þetta friðland sem skiptist í ása, móa, mýrlendi, tjarnir og vötn.

Þetta fjölbreytta landslag með álíka fjölbreytni í gróðurfari er ein af dýrmætustu perlum á Fljótsdalshéraði. Enda er þetta land vinsælt til útivistar með gönguleiðum um svæðið. Því var strax í drögum í náttúruminjaskrá NAUST fyrir Austurland 1973 bent á Eiðasvæðið sem friðland. Ennfremur er þetta svæði innifalið í tillögu Umhverfisstofnunar 2003 um stórt friðland á Úthéraði. Að ofansögðu og með tilliti til þess sem NAUST stendur fyrir ber að gjalda varhug við frístundabyggð í friðlandinu á Eiðum. Sér í lagi eru sextán reitir við Eiðavatn sem myndu þrengja mjög aðgengi að vatninu. Þá væri vegurinn við enda vatnsins óþarfur og gönguleiðir sem þar eru myndu ekki raskast.

Virðingarfyllt, f.h. NAUST

Guðmundur Ármannsson

Múlaþing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 19. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0048
BK

Efni: Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar við Eiða

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2023, þar sem Múlaþing óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð við Eiða.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn, dags. 17. febrúar 2023, um skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótaldshéraðs 2008-2028 vegna sömu áforma. Í umsögninni kom fram að skipulagssvæðið einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi og er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/uttherad>). Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar má sjá að svæðið er hluti af Eiðagriðlandi sem einkennist af fjölbreyttu landslagi, vötnum, tjörnum, blám, skóglendi o.fl. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í ljósi ofangreindra náttúruverðmæta, gerði Náttúrufræðistofnun athugasemdir við umfang skipulagsins, sem í upphafi fól í sér tífoldun frístundahúsa á svæðinu, en vinnslutillagan sem nú er lögð fram felur í sér um þriðjung af áður kynntum áformum. Fram kemur í tillögunni að ákvarðanir um frekari uppbyggingu verða teknar í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags sem nýlega er hafin.

Jákvætt er að verulega hafi verið dregið úr umfangi fyrirhugaðrar frístundabyggðar, þó að núverandi áformum muni óhjákvæmilega fylgja töluvert rask og uppbrot, meðal annars er fyrirhuguð veglagning um votlendi sem fellur undir áður nefnda 61. grein náttúruverndarlaganna. Til að draga úr neikvæðum áhrifum mætti endurskoða staðsetningu fjögurra lóða sem fyrirhugaðar eru suður af Eiðavatni ásamt tilheyrandi vegtengingum. Hafa ber í huga að 50 m fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er ekki nægileg til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti að miða við 100 metra. Kanna þarf útbreiðslu eggvívblöðku, friðaðrar plöntutegundar sem er skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan fyrirhugaðs frístundasvæðis. Þá væri æskilegt að ekki fari fram frekari gróðursetning framandi trjáplantna innan svæðisins.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun hvetja sveitarfélagið til að beita sér fyrir verndun sambærilegs svæðis á Úthéraði, þ.e. svæðis sem einkennist af fjölbreyttri og lítt raskaðri mósaík vatna, votlendis og klapparása, og mætti líta til áður nefndrar náttúrumæraskrár í því sambandi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Múlaping
Lyngáasi 12, 700 Egilsstöðum
b.t. Sóleyjar Valdimarsdóttur verkefnisstj. skipulagsmála
sent inn í skipulagsgátt

Selfossi, 19. desember 2023

Efni: **Frístundabyggð við Eiða. Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Mnr. 902/2023 og 903/2023**

Múlaping óskaði eftir umsögn Skógræktarinnar um málin. Umsagnarfrestur var til 19. desember 2023. Skógræktin hefur kynnt sér tillögurnar, og óskar eftir að koma nokkrum ábendingum á framfæri.

1. Betur færi á því að uppdráttur af deiliskipulagi væri sýndur ofan á loftmynd. Þannig væri hægt að gera sér betur grein fyrir hvar lóðir eru og hvaða skógur, votlendi og náttúru verður á almannasvæði og hver ekki. Mynd á bls. 9 í greinargerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (Mörk reits F90 gróflega dregin ofan á skámynd frá LOGG ehf) gefur hugmynd um hvernig skipulaginu er háttað miðað við skóginn (og t.d. votlendi) en er ekki eins skýr og rétt vörpuð loftmynd.

2. Birkiskógurinn við Eiða fellur að mati Skógræktarinnar ekki undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, og nýtur þannig ekki sérstakrar verndar á grunni þeirrar greinar. Þó hefur birkiskógurinn vissulega hátt verndargildi sem vistgerð, og til mikils að vinna að stuðla að verndun hans.

3. Í kafla 1.5.5 um nýtingu og skóg (bls. 6) í greinargerð með deiliskipulagstillögu er rætt um birkikjarr, birkiskóga og ræktaða skóga. Þar er vísað í skóglendisvefsjá Skógræktarinnar¹, sem er ágætis vísbending um ætlaða hæð og gerð skóga. Það er rétt að hnykkja á því að *skógur* telst vera þar sem sýnt þykir að trén nái 2 m hæð fullvaxin, en þar sem ætla má að trén nái ekki þeirri hæð teljist vera *kjarr*. Skv. skóglendisvefsjanni er langmestur skógurinn ungur og ekki fullvaxinn, og nú þegar yfir 2 m á hæð, og getur því ekki talist kjarr, heldur skógur, í skilningi laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

3. Á bls. 10 í greinargerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er rætt um að við skipulagsbreytinguna muni aðgengi að náttúru ásanna batna. Það er enda í anda náttúruverndarlaga um aðgengi almennings. Það er og eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 „að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar [...]“

Lóðirnar á skipulagssvæðinu eru samtals 50, og hver um sig að meðaltali rétt rúmlega 0,54 hektarar, samtals rúmlega 27 ha af 65 ha svæði sem eru undir aðalskipulagsbreytingartillögunni. Í lið 3.2.6. um skilmála um frágang lóða og girðinga (bls. 10 í greinargerð með deiliskipulagstillögu) segir að „[e]fnisval og útlit girðinga skuli samræmt, þær [skuli] vera snyrtilegar og þeim vel við haldið.“ Hér er rétt að velja því upp hvort það merki að girða megi af hverja lóð fyrir sig, eftir því sem umráðamanni hveðrar lóðar sýnist, og þannig girða af fyrir umferð allt að því 27 hektara af skóginum. Það væri ef til vill eðlilegt að kveðið sé á um það í skilmálum að ekki megi girða lóðir algerlega af fyrir gangandi umferð. Benda má á að í flestum sumarhúsabyggðum í birkiskógum, t.d. í Húsafelli í Hálsasveit, eru engar girðingar á lóðamörkum, og það tekið fram í skilmálum. Stærð lóðanna felst þá fremur í að meira val verður um byggingarstæði, og lengra er á milli frístundahúsa, en að hægt sé að girða af hálfan hektara fyrir allri umferð annarra.

¹ <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/skogar-i-tolum/skoglendisvefsja>

4. Eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 „að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra“. Í sömu lögum er einnig 19. gr., sem fjallar um sk. varanlega eyðingu skóga.

Fjallað er um það á bls. 10 í greinagerð með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, hve mikill gróður (og skógur) megi búast við að fari forgörðum við framkvæmdir, og slegið á 6 ha. Skógræktin bendir á að ef svo fer að ryðja þurfi einhverju af skóginum burt, þá fellur það undir 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, þar sem segir að *varanleg eyðing skóga* sé óheimil nema til komi mótvægisáðgerðir, og að framkvæmdaleyfi sé háð því að Skógræktin samþykki eyðinguna og mótvægisáðgerðirnar. Mótvægisáðgerðir eru á höndum framkvæmdaraðila, og fela þær almennt í sér að komið sé upp sambærilegum skógi á sambærilega stóru svæði, og skuli áðgerðir hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins.

Einnig þarf þá að skila inn gögnum um skógareyðingu til Skógræktarinnar á þar til gerðu eyðublaði, *Gagnaöflun um eyðingu skógar*², skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. sömu laga.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar,



Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@skogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912

² <https://www.skogur.is/static/files/2023/gagnaoflun-um-varanlega-eydingu-skogar-eydublad-2023.pdf>



Múlaþing
B.t Sóley Valdimarsdóttir,
Lyngási 12 700 Egilsstaðir

Efni :Umsögn Eldvarnareftirlits Slökkviliðs Múlaþings v/fyrirhugaðar frístundarbyggðar á Eiðum.

Vísað er í leiðbeiningarblað HMS, Leiðbeiningar um brunavarnir í frístundarbyggð, til að tryggja meðal annars að fjarlægðir milli bygginga og gróðurs séu fullnægjandi og farið verði eftir þeim tilmælum sem bent er á í þeim leiðbeiningum.

Ljóst er að eigandi frístundarbyggðarinnar mun þurfa fara í aðgerðir í samvinnu með slökkviliði Múlaþings til að tryggja að aðgengi að vatni sé fullnægjandi allt árið í kring.

Hér að neðan er linkur inná leiðbeiningarblað um brunavarnir í frístundarbyggð, líka er bent grodureldar.is en þar er ýmis fróðleikur um eldvarnir í skólendi.

Leiðbeiningar um brunavarnir í frístundabyggð



Móttakandi

Múlathing

Sóley Valdimarsdóttir

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Efni: Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Eiða í Eiðarþinghá

Vísað er til erindis dagsett þann 20. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint deiliskipulag í landi Eiða.

Í greinargerðinni segir að aðkoma að svæðinu verði af tveimur vegum, Fljótsbakkavegi og vegi að sumarhúsasvæði BSRB.

Vegagerðin bendir á að verði í framtíðinni óskað eftir því að vegir að sumarhúsasvæði verði héraðsvegir, verða þeir að uppfylla skilyrði sem til vega Vegagerðarinnar er sett svo sem eins og fjarlæg milli vegamóta og vegsýn að þeim.

Síða 1/1

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

Vegagerðin

Suðurhrauni 3

210 Garðabæ

+354 522 1000

vegagerdin

@vegagerdin.is

Mál nr. 0903/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0903/2023, Frístundabyggð við Eiða (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Höfundur: Axel Benediktsson/axelb@ust.is

Sent inn þann: 27.11.2023 , **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun

Mál nr. 0903/2023 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0903/2023, Frístundabyggð við Eiða (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

RARIK gerir enga athugasemd við tillögu um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar við Eiða.

Höfundur: Örvar Ármannsson/orvara@rarik.is

Sent inn þann: 13.12.2023 , **Fyrir hönd:** Rarik



Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Múlaþing, 8. desember 2023
númer erindis 202302194-09.2.3

Á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 8.12.2023, var tekið fyrir neðangreint erindi.

Deiliskipulag, Eiðar, frístundasvæði

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings 20.11. 2023 var eftirfarandi bókað: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sérstaklega skuli óskað eftir umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefnd.

Umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs samþykkt 8. desember 2023:

Fyrir liggur til umsagnar heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefndar tillaga að deiliskipulagi vegna frístundabyggðar við Eiðar.

Svæðið sem um ræðir hefur Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár, Úthérað, vegna vistgerða á landi, fugla og sela. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Landeigandi hefur í hyggju að afmarka á svæðinu um 50 lóðir fyrir frístundabyggð. Deiliskipulagssvæðið er um 65 ha.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota ætlað til útiveru og náttúruskoðunar.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs leggur áherslu á að betur komi fram í greinargerð og umhverfisskýrslu hve stór hluti votlendis raskist og hvernig brugðist verði við því raski. Mikilvægt er að göngustígar og lagnaleiðir fari eins lítið og mögulegt er um votlendi. Þá verði ítarlegri grein gerð fyrir mati á umhverfisáhrifum skipulagsins í kaflanum um umhverfismat. Einnig komi skýrar fram með hvaða hætti mótvægisáðgerðir verði framkvæmdar vegna þess birkiskógar sem þarf að fjarlægja vegna framkvæmda, t.d. hvar verði ræktaður skógur í staðinn fyrir þann sem hverfur. Í greinargerðinni verði betur útlistað hvernig við framkvæmdir á svæðinu „ýtrustu varkárni verði gætt til að lágmarka áhrif á náttúru og dýralíf“, eins og segir nú í greinargerðinni.

Ofangreind afgreiðsla heimastjórnar Fljótsdalshéraðs tilkynnist hér með.

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



Virðingarfyllt,
fyrir hönd heimastjórnar Fljóttsdalshéraðs

Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri